

[D] Hér á ég heima!
Sæl verið þið.
Rauða/bláa/hvíta/græna húsið
er [E] heimilið mitt
En ég bý ekki einn
Hér býr [A] líka Kolbeinn
sem ég skal [E]segja þér [A]betur [D]frá.

[D] Kolbeinn hann er afi minn
Hann er pabbi pabba [E]míns.
Hann býr fyrir neðan
með [A]stóra vélsleðann
og [E] ömmu,
[A]Hönnu Haga[D]líns.



[D]Fyrir neðan afa, þar bý ég
tvær kisur og tveir [E]naggrísir
og mamma og pabbi
og [A]Rabbi og Dabbi.
Við erum [E]Bræður
og [A] bestu [D]vinir.



Kolbeinn hann er hundurinn minn
og mömmur mínar þær búa með mér
ein heitir Gunna
og hin heitir Sunna
þær hlæja og skemmta sér

Uppá lofti býr frændi minn Patrekur ór
og með honum býr frænka mín Lovísa Eik
Þau eru í skóla
og eru alltaf að hjóla
og eru altlaf í tölvuleik

Kolbeinn hann er bróðir minn
Systir mín hún heitir Hrund
Sara vinnur hér
Hún spilar með mér
og fer stundum með okkur í sund

Húsið mitt er fósturheimili
og þar búa fleiri börn en ég og systkini mín
þar er núna einn strákur
hann heitir Kormákur
Hann elskar fótbolta og spilin sín



Kolbeinn hann er fiskurinn minn
En við búum í húsi með mömmu minni
og okkur finnst gaman
í legó tvö saman
og Kolbeinn horfir úr skálinni